

## Aðalfundur Öldungadeildar lækna 25. maí 2021

1. Formaður félagsins, Kristófer Þorleifsson bauð fundarmenn velkomna til síðkomins fundar.
2. Formaður minntist látins félaga, Ólafs Arnar Arnarsonar, þvagfæraskurðlæknis, sem lést hinn 5.maí s.l. á 88. aldursári.
3. Þá var gengið til aðalfundarstarfa fyrir starfsárin 2019 – 2020 og 2020 – 2021.
4. Kristófer Þorleifsson, formaður las ársskýrslu sína fyrir bæði árin, sem var samþykkt án athugasemda. Guðmundur Viggósson gjaldkeri gerði grein fyrir fjárhagsstöðu Öldungadeildar og er hún því sem næst óbreytt frá fyrra ári. Innistæða í banka er 2 milljónir kr. Starfsemi síðustu tveggja ára féll að miklu leyti niður vegna farsóttar.
5. Þá var gengið til kosninga þar sem starfstímabili núverandi stjórnar er lokið.  
Ný stjórn var kjörin til tveggja ára : Óttar Guðmundsson formaður, Helga Ögmundsdóttir ritari, Sigurður Guðmundsson gjaldkeri. Meðstjórnendur Gísli Einarsson og Friðrik Yngvason  
Skoðunarmaður reikninga Þorkell Bjarnason  
Ritstjóri vefsíðu og ritstjóri Öldungadeildar að síðu í Læknablaðinu er áfram Magnús Jóhannsson.  
Öldungaráð: Kristófer Þorleifsson, Jóhannes M. Gunnarsson, Reynir Þorsteinsson, Margrét Georgsdóttir og Guðmundur Viggósson.  
Árgjald næsta árs verður óbreytt.  
Var nýrri stjórn árnað heilla.
6. Fyrirlesarinn Reynir Tómas Geirsson var kynntur. Erindi hans nefndist „Hún tók aðeins á móti einu barni“. Fjallaði erindi hans um fátæka stúlku, Kristjönu Guðmundsdóttur, f. 1891, d. 1964, sem lærði til ljósmóður í Reykjavík og örlagasögu hennar. Að afloknu ljósmóðurnámi var Kristjönu veitt ljósmóðurstarf í Grunnavíkurbá. Þar fæddist ekkert barn annað en það sem hún eignaðist með stjúp föður sínum. Barnið lést í fæðingu, en henni var kennt um andlát barnsins, en hún bar það ekki af sér og hlaut hún þriggja ára dóm sem hún afplánaði að mestu í fangelsinu við Skólavörðustíg. Kristján X. Konungur veitti Kristjönu uppreist æru nokkrum mánuðum áður en dómstímabilinu lauk. Varð hún síðan vinnukona í Landeyjum þar sem hún gat sér gott orð og var heiðruð með gullúri af hálfu sveitunga sinna. Frásögnin styðst að miklu leyti við ritgerðarsafn Vilmundar landlæknis, Með hug og orði, auk heimilda sem fyrirlesari hefur grafið eftir.  
Góður rómur var gerður að erindi Reynis Tómasar og var honum afhent viðurkenningarskjal ásamt bók.  
Fundi því næst slitið.  
Jóhannes M. Gunnarsson skráði fundargerð

Hjálögð er ársskýrsla Kristófers Þorleifssonar, formanns Öldungadeildar LÍ 2019-2020 og 2020-2021.

Ársskýrsla Öldungadeildar LÍ 2019-2020 og 2020-2021.

Aðalfundur Öldungadeildar Læknafélags Íslands 26.maí 2021

Skýrsla formanns fyrir starfsárið 2019-2020 og starfsárið 2020-2021

Kosningar:

Á aðalfundi 3. maí 2019 höfðu allir stjórnarmenn að undanskilinni Halldóru Ólafsdóttur setið í tvö ár og voru þau öll endurkjörin á fundinum til tveggja ára. Stjórnin því áfram skipuð þannig : Kristófer Þorleifsson formaður, Jóhannes M. Gunnarsson ritari , Guðmundur Viggósson gjaldkeri og Margrét Georgsdóttir og Halldóra Ólafsdóttir meðstjórnendur.

Í öldungaráð voru kjörin: Hörður Alfreðsson, Magnús B. Einarsson, Reynir Þorsteinsson, Snorri Ingimarsson og Þórarinn E. Sveinsson

Skoðunarmenn reikninga: Eyjólfur Haraldsson og Þorkell Bjarnason

Ritstjóri vefsíðu og síðu Öldungadeildar í Læknablaðinu Magnús Jóhannsson.

Enginn aðalfundur var haldinn í maí 2020 vegna samkomutakmarkanna af völdum Covid-19. Því er þessi aðalfundur fyrir tvö starfsár 2019-2020 og 2020-2021

Starfsárið 2019-2020 hófst með hefðbundnum hætti þar til covid-19 faraldurinn brast á í mars 2020 og fella þurfti niður bæði fundi í apríl og maí 2020 og fresta aðalfundi. Haldnir voru 7 fræðslufundir, 2 fundir stjórnarog öldungaráðs auk nokkurra stjórnarfunda. Fræðslufundirnir hafa verið frábærlega vel sóttir oftast á milli 60 -70 manns og á best sóttu fundina um 90 manns. Eins og áður er tíminn fyrir fund alltaf jafnvinsæll , þar sem menn ná að rabba saman yfir kaffi og meðlæti.

Fræðslufundir:

Þann 3. maí 2019 aðalfundur og eftir aðalfundinn var gert hlé , en síðan hófst 25.ára afmælishátíð Öldungadeildar í Hvammi á Grand Hótel . Hátíðinni stjórnaði Kristófer Þorleifsson formaður Öldungadeildar LÍ. Hann bauð gesti velkomna og gat þess að stofnfundur Öldungadeildar Læknafélags Ísland hefði verið haldinn 7.maí 1994 Alls mættu 45 á hátíðina og snæddu saman gómsæta 3ja rétta máltíð.

Á hátíðinni var Sigurður Egill Þorvaldsson gerður að heiðursfélaga , en hann var formaður félagsins frá 2009 til 2013. Formaður afhenti Sigurði heiðurskjal og eiginkonu hans Jónu Þorleifsdóttur blómvönd.

Undir borðum flutti Reynir Tómas Geirson fyrrv. prófessor og forstöðulæknir á Kvennadeild Landspítalans fræðsluerindi sem hann nefndi „Normannar og Engilsaxar. Um saumaða sögu“.sem gerður var góður rómur að

Þann 16. október 2019 flutti Oddur Sigurðsson jarðfræðingur erindi um „Bráðnun jökla og loftslaagsbreytingar "

Þann 6. nóvember 2019 flutti Ólafur Örn Haraldsson forseti Ferðafélag Ísland og fyrrverandi þjóðgarðsvörður erindi um „Kóningsveginn og konungskomuna 1907 „

Þann 4. desember 2019 flutti Sigurður E. Þorvaldsson erindi sem hann nefndi “ Hvernig datt þér í hug að fara í frönskunám og skrifa lokaritgerðina um 16. aldar lækni?“ um föður franskra skurðlækninga Ambrois Paré (1510-1590).

Þann 8. janúar 2020 flutti Ingimundur Gíslason augnlæknir erindi sem hann nefndi “ Um ferð í þjóðgarð í Alaska

Þann 5. Febrúar 2020 flutti Árni Bragason landgræðslustjóri erindi sem hann nefndi „ Að græða landið og loftslagsvá

Þann 4. mars 2020 flutti Torfi Magnússon læknir læknir fyrirlestur sem hann nefndi “ Valdavíma - valdafíkn – valdhroki „

Fella varð niður fræðslufundur 1. apríl 2020 þar sem prófessor emeritus Höskuldur Þráinsson ætlaði að fjalla um " Vestur Íslendinga og Vestur íslensku „ sökum samkomubanns vegna Covid-19 faraldursins svo og fræðslufundur sem átti að vera 6. maí 2020 þar sem Jón Magnússon hrl. og

fyrirverandi þingmaður ætlaði að fjálla um „ Sjálfstæðisbaráttu Kúrda „. Þá þurfti að fresta aðalfundi sem halda átti 6. maí 2020 af sömu ástæðu.

Hefja átti fræðslufundi á ný eins og hefð hefur verið fyrir í október 2021 sem ekk tókst vegna Covid-19 faraldursins og en ekki gafst tækifæri til að funda frá október 2020 til og með febrúar 2021.

Þann 3. mars 2021 fluttu EiríkurJónsson þvaghæskurðlæknir og Jón Torfason sagnfræðingur erindi sem þeir nefndu „Saga af sulli "umfjöllun um sullaveiki "

Enginn fundur var haldinn í apríl 2021 vegna fjöldatakmarkanna vegna Covid-19.

Aðalfundur verður haldinn 26.maí 2021 og eftir aðalfundinn mun Reynir Tómas Geirsson fyrir. prófessor og forstöðulæknir á Kvennadeild Landspítalans flyja fræðsluerindi sem hann nefnir“ Hún tók aðeins á móti einu barni „

Vefsíðan og Læknablaðið.

Í samræmi við ákvörðun aðalfundar Læknafélags Íslands 2017 hættu Öldungar að fá Læknablaðið án endurgjalds, en fá það gegn greiðslu .

Magnús Jóhannsson ritstýrir síðu okkar í Læknablaðinu

.Skrifstofa L.Í.

Við höfum jafnan fengið afar góða þjónustu skrifstofufólksins sem hér er þökkuð. Þau annast skráningu í Öldungadeildina og í ferðir ásamt fleiru. Áriðandi er að hafa rétt netföng og farsímanúmer á skrá deildarinnar.

Ferðalög.

Á síðustu tveimur starfsárum voru farnar tvær ferðir innanlands og ein ferð til útlanda. Ferð Öldungadeildar LÍ „ Norður í Árneshrepp á Ströndum“ 22.-24.ágúst 2019 Í förinni voru 26 auk bílstjóra. Gist var í tvær nætur á Hótel og þar snæddur morgunverður og kvöldverður. Ferðast var til Norðurfjarðar og í Ingólfsfjörð. Verksmiðjan í Djúpavík skoðuð allt undir góðri leiðsögn Héðins Ásbjörnssonar . Á heimleiðinni var áð í Hólmavík og öllum boðið í frábæra garðveislum hjá þeim hjónum Ingimar Hjálmarssyni lækni og konu hans Sigríði Birnu Ólafsdóttur. Ferðin þótti takast afar vel og rómuðu allir frábæra leiðsögn Héðins.

Ferð Öldungadeildar LÍ á Snæfellsnes 22.-24. ágúst 2020. Í förinni voru 36 aul bílstjóra. Gist var í tvær nætur á Hótel Görðum í Staðarsveit og þar snæddur morgunverður og kvöldverður. Fararstjórar voru Kristófer Þorleifsson og Óttar Guðmundsson. Sæmundur Kristjánsson fyrirverandi hafnarvörður í Rífi fylgdi hópnum fyrri daginn sem leiðsögumaður.Ferðin tókst afbragðsvel og Sæmundi þökkuð góð leiðsögn.

Ferð Öldungadeildar LÍ til Balkan landa 19. september til 2. októbers 2019. Fimmtudaginn 29. október 2019 hélt 25 manna hópur öldunga og maka í flug frá Keflavík til Búdapest í Ungverjalandi ásamt tveimur frarastjórum á vegum ferðaskrifstofunnar Trans-Atlantic, Ómar Banine eiganda ferðaskrifstofunnar og Irene Kojic, sem er talandi áq serbnesku, en hún er hálfur Íslendingur og hálfur Serbi. Ferðast var í 14 daga um Serbíu, Svartfjallaland, Króatíu og Bosniú-Herzegoveníu og tókst ferðin í alla staði vel.

Stjórnin vill að lokum þakka Læknafélagi Íslands og starfsfólki á skrifstofunni fyrir alla þá aðstoð sem veitt hefur verið.

Garðabæ 15. maí 2021

Kristófer Þorleifsson, formaður Öldungadeildar Læknafélags Íslands.